

Bergmenn ehf  
Klængshóli  
621Dalvík

Reykjavík, 10. mars 2022  
UST202202-081/I.M.B.  
09.07.01

## **Efni: Umsókn um leyfi til þyrlulendinga í Glerárdal**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Bergmanna ehf, dagsett 7. febrúar 2022, um leyfi til fimm ára til þyrlulendinga með skíðamenn innan fólkvangsins Glerárdals.

### ***Glerárdalur***

Glerárdalur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 585/2016. Umferð loftfara (t.d. þyrluflug) innan fólkvangsins sem truflað gæti gesti og dýralíf óheimil án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar.

### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi til fimm ára fyrir þyrlulendingar með skíðamenn í Glerárdal á tímabilinu 15. febrúar – 15. júní ár hvert. Um er að ræða takmarkaða þyrluumferð og landingar með skíðamenn að meðaltali 10-20 daga á ári í um 1-4 klst í senn á svæðinu. Flogið er með skíðamenn á fjallstinda þaðan sem þeir skíða niður á dalbotninn og eru sóttir þangað á sömu þyrlu. Kort sem sýnir fyrirhugaðar skíðaleiðir og svæði sem verður hvorki flogið yfir né lent á fylgdi umsókninni.

### ***Umsagnir:***

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Akureyrarbæjar þann 15. febrúar 2022 um verkefnið. Umsögn barst Umhverfisstofnun þann 7. mars 2022. Í umsögn Akureyrarbæjar kemur fram á fundi umhverfis- og mannvirkjaráðs þann 22. febrúar 2022 var bókað að meirihluti ráðsins mæli með að veitt verði leyfi til þriggja ára á þeim stöðum sem tilgreindir eru í umsókn að undanskildum Ytri Súlum. Þórhallur Harðarson D-lista sat hjá og óskaði bókað að hann vilji ekki setja hömlur á ósk Bergmanna með Ytri Súlum og lengd leyfisins.

### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur að flug og skíðaferðir Bergmanna ehf. stangist ekki á við markmið friðlýsingar Glerárdals né þær reglur sem þar gilda skv. friðlýsingunni.

Í samráði við Akureyrarbæ, sem jafnframt er landeigandi, eru sett ákveðin skilyrði fyrir flugi en auk þess setur stofnunin skilyrði um eftirfylgni með fluginu með það að markmiði að koma í veg fyrir að útivistarfólk verði fyrir ónæði á svæðinu.

### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir Bergmönnum ehf. fyrir sitt leyti leyfi til þriggja ára fyrir þyrluflug og -landingum innan Glerárdals, að undanskildum Ytri-Súlum, sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leggja skal áherslu á að takmarka ónæði sem aðrir gestir verða fyrir, meðal annars með að fljúga ekki upp á fjallstinda þar sem annarra skíða- eða gönguhópa verður vart.
- Starfsmenn fyrirtækisins sem koma að flugi og skíðun í Glerárdal skulu upplýstir um friðlýsingaskilmála svæðisins og skal þeim fylgt í starfsemi fyrirtækisins.
- Fylgja skal reglum sem gilda um vatnsverndarsvæði í hvívetna.
- Í lok tímabils skal skila skýrslu til Umhverfisstofnunar þar sem fram koma upplýsingar um dagsetningar og fjölda ferða og þyrla á svæðinu.
- Umhverfisstofnun skal upplýst um öll frávik sem kunna að verða vegna þyrluflugs í Glerárdal s.s. mengunaróhöpp, árekstra við gönguhópa eða annað sem stríðir gegn friðlýsingarskilmálum.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Leyfisgjald:***

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir  
*sérfræðingur*

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir  
*sérfræðingur*